

**Skattstjórinn**  
**í Norðurlandsumdæmi vestra**  
Túngata 3 580 Siglufjörður  
Sími 467-1576 Myndsendir 467-1857  
Netfang: sk05@skattur.is

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 128/409**  
**komudagur 3.12.2002**

Siglufirði 02.12.2002

Efnahags og viðskiptanefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Málefni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, mál 324.


Undirritaður skattstjóri Norðurlandsumdæmis vestra Bogi Sigurbjörnsson, vil hér með gera háttvirtum nefndarmönnum í efnahags og viðskiptanefnd grein fyrir afstöðu minni varðandi fyrirhugaða breytingu á skatteftirliti, sem fram kemur í 8. gr. frumvarpsins.

Ég var einn af fimm nefndarmönnum í starfshóp um skipulag skattkerfisins sem skilaði tillögu til fjármálaráðaneytis 11. október. s.l.

Í séráliti mínu kemur fram að ég er ósammála fyrirhugaðri breytingu sem fram kemur í 8. gr. frumvarpsins og leyfi mér hér með að senda nefndinni sérálit mitt sem rökstuðning fyrir afstöðu minni.

Virðingarfyllst

Skattstjóri  
Norðurl.umdæmis vestra



Hjálagt sérálit Boga Sigurbjörnssonar

# Starfshópur um skipulag skattkerfisins

Sérálit Boga Sigurbjörnssonar skattstjóra.

Ég er sammála niðurstöðu og tillögu starfshópsins, sem fram kemur í skilabrégi dags. 11. október 2002, að undanskildum 2.. tölulið um breytingu skatteftirlits á landsbyggðinni. Samkvæmt niðurstöðu meirihluta starfshópsins er lagt til að skatteftirlit á landsbyggðinni í þeim skattumdæmum, þar sem eftirlitsdeildir eru ekki starfræktar, verði flutt frá ríkisskattstjóra og í staðinn verði komið á fót tveimur nýjum eftirlitseiningum á Akureyri og Akranesi, og þá rætt um 4 stöðugildi á hvorum stað. Þannig þjóni eftirlitsdeildin á Akureyri Norðurlandi vestra og Austurlandi auk Norðurlands. eystra og eftirlitsdeildin á Akranesi Suðurlandi, Vestfjörðum og Vestmannaeyjum, auk Vesturlandsumdæmi.

Samkvæmt 102. gr. laga nr 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt skulu skattstjórar, hver í sínu umdæmi, annast skatteftirlit. Þá hefur ríkisskattstjóri á hendi skatteftirlit á öllu landinu svo og yfirstjórn skatteftirlitsins og samræmingu.

Eftir lagabreytingar varðandi skatteftirlitið, sem gerðar voru samkvæmt lögum nr. 111/1992, var gerð tilraun til að manna þessar deildir á skattstofum landsbyggðarinnar og störfuðu 5 menn í eftirlitsdeild skattstofunnar á Akureyri þegar best lét, sem þjónanði eingöngu Norðurlandsumdæmi eystra, en eru nú allir hættir störfum.

Skattstjórar á smærri skattstofunum töldu heppilegra að mynduð yrði ein stór eftirlitseining hjá ríkisskattstjóra, sem myndi sinna eftirlitinu í samráði og samvinnu við viðkomandi skattstjóra og gekk sú framkvæmd eftir.

Mér hefur líkað þetta samstarf við eftirlitsdeild RSK mjög vel og tel al rangt að leggja deildina niður. Telji einhverjir skattstjórar á landsbyggðinni að nú hafi skapast grundvöllur til að koma á fót sjálfstæðum eftirlitsdeildum þá tel ég það hið besta mál og því alveg samþykktur þeirri hugmynd að stöðum fjögurra eftirlitsfulltrúa verði komið á fót hjá Skattstofu Norðurlandsumd.eystra.

Ekki verður annað séð en þeir hafi alveg nóg með að sinna sínu umdæmi, þótt bæði Norðurlandsumd. vestra og Austurland bætist ekki þar við, samanber fyrri fjölda eftirlitsfulltrúa.

Ef skattstjóri Vesturlandsumdæmis telur sig geta mannað sínar eftirlitsstöður tel ég að flytja eigi eitt stöðugildi frá RSK til hans og þar sem hann er með einn mann fyrir gæti hann þjónað sínu umdæmi.

Eftir stæðu þá 6 stöðugildi hjá RSK í eftirlitsdeildinni, sem þjónuðu áfram þeim skattumdæmum, sem telja hagkvæmara að viðhalda núverandi fyrirkomulagi. Það er augljóst að það er óhjákvæmilegt að fjölga aftur störfum skatteftirlitsfulltrúa, sem fækkað hefur á undanförunum árum um 4 stöðugildi, annað er óforsvaranlegt.

Að tveir skattstjórar fari að vinna að skatteftirliti í sama skattumdæminu, auk ríkisskattstjóra, sem annast bæði eftirlit og samræmingu samkvæmt lögum, tel ég stjórnsýslulega afar hæpið og óásættanlegt bæði fyrir skattkerfið og gjaldendur.

Mín tillaga að breytingu í framkvæmd skatteftirlits á landsbyggðinni er því þessi : Stöðugildi í skatteftirliti landsbyggðarinnar verði 12 eins og þau eiga að vera, sem skiptist þannig: Hjá eftirlitsdeild RSK 6, sem sinni Norðurlandi vestra, Austurlandi, Suðurlandi, Vestfjörðum og Vestmannaeyjum, en fyrir liggur að skattstjórar þessara

**skattumdæma vilja ekki flytja skatteftirlitið frá eftirlitsdeild ríkisskattstjóra.  
Hjá Skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra 4 stjöðugildi, sem sinni Norðurlandi  
eystra og hjá Skattstjóra Vesturlandsumdæmis 2 stjöðugildi fyrir Vesturland.**